



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 26. október 2018 kl. 16:30.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Arnaldsstaðir. Niðurrif íbúðarhúss.

Hilmar Gunnlaugsson hrl. óskar eftir f.h. Aldgate eigna ehf. kt. 551217-2640 leyfi til að rífa og fjarlægja íbúðarhúsið á Arnaldsstöðum, sem byggt var 1929. Samkvæmt veðbandayfirliti er eignin skuldlaus. Fram kemur í umsókninni að nýtilegt efni úr húsinu svo sem timburpiljur verða nýttar í Óbyggðasetrinu á Egilsstöðum, jafnframt að eigandinn hyggst byggja nýtt hús nokkru innan við gamla húsið. Byggingar- og skipulagsnefnd veitir fyrir sitt leyti leyfi til niðurrifs hússins og leggur áherslu á að allt efni sem ekki verður nýtt úr því svo sem járn og timbur fari í viðeigandi eyðingu í sorpvinnslu og allt lauslegt sé fjarlægt. Einungis er heimilt að urða steinsteypta hluta úr sökklum og plötum.

2. Breyting á aðalskipulagi. Námur og efnistaka vegna Kröflulínu 3.

Byggingar- og skipulagsnefnd fjallaði um tillögu að breytingu á aðalskipulaginu, þegar tillagan var á vinnslustigi 16. mars og aftur 29. ágúst sl.

Tillagan var send til umsagnaraðila. Skilafrestur umsagna var 15. október sl. Umsagnir bárust frá Minjastofnun, Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Fljótsdalshéraði, Djúpavogshreppi og Umhverfisstofnun. Greinargerð var lagfærð m.t.t. umsagna Langræðslu ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands en bætt var við kafla um mótvægisaðgerðir og umfjöllun gróður endurskoðuð. Kafla um umhverfisþætti og viðmið lagfærður þar sem bætt var við viðmiðum varðandi umhverfisþáttinn gróður.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti framlagða breytingu á aðalskipulaginu vegna efnitöku vegna framkvæmda við Kröflulínu 3 og vísar frekari framvindu málsins og endanlegri afgreislunni til sveitarstjórnar í skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 grein 4.7. Afgreiðsla aðalskipulags.

3. Stækkun lóðar við Végarð og lóð undir þjónustumiðstöð við Hengifossá.

Lagðir fram uppdættir af lóðunum. Stærð núv. lóðar við Végarð er 41580 m² og stækkun lóðar er 54886 m². Heildarstærð lóðarinnar eftir samruna lóðarskikanna verður 96502 m². Stærð lóðarinnar við Hengifossá er 8460 m². Lóðirnar hafa fengið sín landnúmer. Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa annast skráningu lóðanna í Þjóðskrá að frágengnum samningum um þær.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:50

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson